

AUGLÝSING

um náttúruvættið Seljahjallagil, Bláhvamm, Þrengslaborgir og nágrenni í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfissráðherra hefur ákveðið að tillögu landeigenda jarðarinnar Grænavatns, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki Skútustaðahrepps að friðlýsa Seljahjallagil, Bláhvamm, Þrengslaborgir og nágrenni í Skútustaðahreppi sem náttúruvætti, skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Í náttúruvættinu er að finna merkar minjar frá jarðeldunum sem skópu Mývatn og umgjörð þess. Fyrir tæpum 4.000 árum rann Laxárhraun eldra frá Ketildyngju um Seljahjallagil, breiddi úr sér á Mývatnssvæðinu og rann áfram niður Laxárdal og Aðaldal. Við það stíflaðist afrennsli Mývatnssvæðisins og stöðuvatn myndaðist, álika stórt og Mývatn, en með ólíka lögun. Fyrir um 2.300 árum rann Laxárhraun yngra frá Lúdentarborgum, Þrengslaborgum og Borgum í Grænavatnsbruna. Einn gíganna frá þessu gosi er í Seljahjallagili. Hraunið rann um Mývatnssvæðið, niður Laxárdal og Aðaldal allt að Skjálfanda. Dimmuborgir mynduðust í þessu gosi sem og gervigígar við Mývatn, í Laxárdal og í Aðaldal. Í gosinu varð Mývatn til í núverandi mynd.

Í Bláfjalli og Bláfjallsfjallgarði eru fjölbreyttar móbergs- og grágrýtismyndanir frá ísöld með giljum og hvömmum sem grafist hafa út við lok ísaldar. Seljahjallagil er víða 100-150 m djúpt og um 500 m á breidd að meðaltali. Nyrst í gilinu hefur leysingavatn grafið nýtt gil ofan í hraunið og koma þar fram miklir klettadrangar með einhverju fegursta og fjölbreyttasta stuðlabergi á austanverðu Norðurlandi. Bláhvammur er gróðurrikt hlíðasvæði suður af Seljahjallagili vaxinn birkiskógi og blómgróðri. Hvammurinn er klettahvilft sem jökulvatn hefur grafið í móbergið og er þar greinilegt gamalt fossstæði. Í náttúruvættinu er einnig að finna fálkaóðul sem eru setin árlega.

Hið friðlýsta svæði er 1.880,7 hektarar að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu Seljahjallagils, Bláhvamms, Þrengslaborga og nágrennis sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir, auk þess sem svæðið hefur mikið fræðslu- og útivistargildi. Náttúruvættið tekur einnig til búsvæðaverndar fálka í Mývatnssveit að hluta.

3. gr.

Mörk náttúruvættisins.

Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í hnitatöflu (ISN93) og á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali.

Nr.	X	Y
1	598456,0	560539,2
2	603019,1	560539,2
3	599821,2	554811,5
4	598153,5	554750,3
5	597829,4	554809,8

4. gr.

Verndun jarðmyndana.

Óheimilt er að granda, spilla eða breyta jarðmyndum í náttúruvættinu.

5. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins.

Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka náttúruvættisins í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

6. gr.

Notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð innan marka náttúruvættisins nema annars vegar við veiðar á ref og mink og hins vegar við skotveiðar landeigenda, sbr. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Skyld er að tilkynna umsjónaraðila svæðisins um alla notkun skotvopna.

7. gr.

Umferð um náttúruvættið.

Almenningi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni.

Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í náttúruvættinu, sbr. þó reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Jafnframt er akstur vélknúinna farartækja óheimill á vegslóða sem liggur inn í Seljahjallagil og liggur milli eftirfarandi hnita (ISN93) og á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali.

Nr.	X	Y
1	599109,4777	558704,2968
2	599721,1873	559161,7471

Óheimilt er að hafa lausa hunda í náttúruvættinu. Þó er heimilt að hafa þarfahunda, minkahunda, dýrhunda og sporhunda lausa í náttúruvættinu þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns, í samræmi við samþykkt Skútustaðahrepps um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi.

8. gr.

Tjöldun og umgengi.

Óheimilt er að tjalda innan marka náttúruvættisins, þ.m.t. gisting í tjaldvögnun, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum. Einnig er óheimilt að urða, brenna eða henda rusli innan náttúruvættisins.

9. gr.

Umsjón með náttúruvættinu.

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með náttúruvættinu.

Umhverfisstofnun skipar ráðgjafarnefnd um svæði í Skútustaðahreppi sem friðlýst eru skv. lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Ráðgjafarnefndin er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur svæðanna, samstarf þeirra og stefnumótun. Í nefndinni sitja einn fulltrúi skipaður af Umhverfisstofnun og fer hann með formennsku, einn fulltrúi skipaður af Skútustaðahreppi og einn fulltrúi skipaður af Náttúrustofu Norðausturlands. Auk þess skal skipaður einn fulltrúi fyrir hönd hvernjar jarðar innan friðlýstra svæða í Skútustaðahreppi. Ráðgjafarnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og er hlutverk hennar nánar útfært í erindisbréfi Umhverfisstofnunar.

10. gr.

Verndar- og stjórnunaráætlun.

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið í samráði við landeigendur, Skútustaðahrepp og ráðgjafarnefnd um náttúruverndarsvæði í Skútustaðahreppi, sbr. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins, lífríki og jarðmyndanir í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og upplýsir Umhverfisstofnun og landeigendur um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

Í verndar- og stjórnunaráætlun skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

11. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar nema með leyfi landeigenda, Umhverfisstofnunar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun. Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum um svæðið og skal þess gætt að þeir geti tengst öðrum gönguleiðum um Mývatnssveit.

Heimilt er að beita búfé í náttúruvættinu. Hlunnindanýting landeigenda í náttúruvættinu er heimil í samræmi við lög nr. 64/1994.

12. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

13. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 28. febrúar 2012.

Svandís Svavarsdóttir.

Guðríður Þorvarðardóttir.

Fylgiskjal.

